



## BYGGÐARÁÐSTEFNAN 2021

### „Menntun án staðsetningar?“

#### Fyrirlesarar og útdráttur erinda

##### Priðjudagur 26. október

**Edda Óskarsdóttir** er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún hefur starfað sem sérkennari og deildarstjóri sérkennslu og sem rannsakandi fyrir Evrópumíðstöð um skóla án aðgreiningar og sérkennslu. Doktorsverkefni hennar fjallaði um þróun stoðþjónustu í grunnskóla. Rannsóknaráherslur hennar snúast um menntun fyrir alla og kennaramenntun, kennslufræði og stefnumörkun.

**Anna Katarzyna Wozniczka** er doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og verkefnastjóri í málefnum flóttamanna hjá sveitarfélaginu Árborg. Hún hefur verið stundakennari við Menntavísindasvið frá árinu 2014 en doktorsrannsókn hennar beinist að stöðu nemenda af erlendum uppruna í grunnskólum í þétt- og dreifbýli á Íslandi.

Heiti erindis: **Starfsþróun fyrir kennara og starfsfólk: Samstarf Menntavísindasviðs og Hafnar í Hornafirði**

Útdráttur: Starfsþróun kennara og starfsfólks grunn- og leikskóla í dreifðum byggðum Íslands getur verið áskorun fyrir sveitarfélög og einstaklinga. Áskoranirnar felast m.a. í kostnaði við að sækja endurmenntun og erfiðleikum við að fá afleysingar fyrir starfsfólk. Á sama tíma er skortur á menntuðum kennurum á ýmsum svæðum sem kallar á sameinað átak kennaramenntastofnanna og sveitarfélaga til að tryggja aðgengi allra nemenda að gæðanámi í heimaskóla.

Á árinu 2019 gerði Sveitarfélagið Hornafjörður samning við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um að bjóða upp á námskeið til að þróa menntun án aðgreiningar. Allt starfsfólk Grunnskóla Hornafjarðar, auk nokkurra starfsmanna leikskólans og Grunnskóla Djúpavogs tók þátt í námskeiðinu.

Í erindinu kynnum við starfendarannsókn sem við kennarar námskeiðsins unnum á meðan á námskeiðinu stóð. Markmiðið með rannsókninni var að kanna hvernig hægt er að skipuleggja starfsþróunarnámskeið um menntun fyrir alla í gegnum fjarnám fyrir fjölbreyttan hóp þátttakenda sem viðheldur áhuga og virkni þeirra. Rannsóknarspurningin var: Hvernig er hægt að sníða fjarnámskeið sem hvetur þátttakendur til breytinga á eigin starfi?

Rannsóknin byggir á gögnum sem aflað var í gegnum námskeiðið, þ.m.t. verkefni nemenda, mat á námskeiðinu, rýnihópviðtöl, fundargerðir og dagbókarfærslur okkar. Gögnin voru greind með aðferðarfræði grundaðrar kenningar.

Niðurstöður gefa innsýn inn í þær ýmsu áskoranir sem þátttakendur og við stóðum frammi fyrir og hvernig námskeiðið þróaðist þegar við tókumst á við þær. Niðurstöður sýna ennfremur áhrif félagaprýstings og stuðnings frá stjórnendum á myndun lærdómssamfélaga. Einn stærsti lærdómurinn sem draga má af rannsókninni er að námskeið með þessu sniði er kjörin leið til að stuðla að sjálfbærri þróun byggðar og gæðamenntun fyrir börn og ungmenntu um land allt.

---

**Eyjólfur Guðmundsson** er skólameistari Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (FAS). Hann hefur starfað við FAS frá 1989 og sem skólameistari frá 1996. Hann hefur verið mótandi í uppbyggingu Nýheima og uppbyggingu samstarfs framhaldsskóla á landsbyggðinni. Eyjólfur er með B.S. gráðu í

landfræði, kennsluréttindanám, MPA og er að ljúka meistaranámi í menntavísindum með áherslu á nám fullorðinna.

**Þorvarður Árnason** er forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði. Hann hefur starfað hjá Háskóla Íslands frá 1993, þar af sem forstöðumaður rannsóknasetursins frá 2006, en fengist við kennslu síðan 1986. Hann hefur tekið virkan þátt í þróun Nýheima og verið leiðandi í samstarfi stofnana þar og auk þess unnið fjölmörg ráðgjafarstörf fyrir opinbera aðila. Þorvarður er með doktorsgráðu í þverfaglegum umhverfisvísindum, með grunnnám í líffræði og kvikmyndagerð.

**Heiti erindis: Menntun og byggðamál í landfræðilega einangruðu sveitarfélagi**

**Útdráttur:** Frá stofnun Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) og síðar Nýheima hefur verið unnið að markvisst að því að byggja upp nám sem þjónar hagsmunum og þörfum samfélagsins á svæðinu. Menntun er ein af grunnstoðum þess þekkingarsamfélags sem byggt hefur verið upp undir hatti Nýheima. Bæði innan Nýheima og í FAS sérstaklega hafa verið þróaðar aðferðir og reyndar leiðir sem taka mið að náttúrufarslegum og samfélagslegum aðstæðum. Má þar nefna áherslu á ævimenntun, starfendanáms, samþættingu menntunar, rannsókna og nýsköpunar, uppbygging fjallamennskunáms, samstarf framhaldsskóla á landsbyggðinni og mikil áhersla á Evrópsk mennta- og byggðaverkefni. Allt þetta vekur spurningar um „einangrun“ og „jaðarsamfélög“ í hnattvæddum heimi. Gæti Hornafjörður með aukinni alþjóðlegri tengingu orðið miðlægur á ákveðnum sviðum svo sem námi í fjallamennsku og menntun í loftlagsfræðum?

---

**Birna María Svanbjörnsdóttir** er dósent við Kennaradeild Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hún lauk B.Ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1988, M.Ed. gráðu frá Háskólanum á Akureyri 2005 og doktorsprófi í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands 2015. Helstu áherslur í rannsóknum hennar og kennslu lúta að starfsþróun kennara, starfstengdri leiðsögn og uppbyggingu og þróun faglegs lærdómssamfélags.

**Jórunn Elíadóttir** er dósent við Kennaradeild Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hún er leikskólakennari, nam sérkennslufræði í Noregi (1983-1988) og lauk doktorsprófi frá Worcester University 2002. Kennslu- og rannsóknarsvið hennar er skóli án aðgreiningar, sérkennslufræði, leikskólafræði og málefni er varða ættleidd börn.

**Sigríður M. Sigurðardóttir** er lektor við Kennaradeild Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hún lauk kennaraprófi frá Det Nödvendige Seminarium í Danmörku 1998 og M.Ed.-gráðu í menntunarfræði með áherslu á stjórnun skólaflokkanna frá Háskólanum á Akureyri árið 2010. Hún stundar nú doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Helstu áherslur í rannsóknum eru á sviði forystu, starfs- og skólaþróunar og stefnumótunar í menntamálum.

**Heiti erindis: Skólaþjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla**

**Útdráttur:** Efni þessarar málstofu er byggt á nýfstaðinni rannsókn sem hafði að markmiði að rannsaka umgjörð og starfshætti skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og draga upp heildarmynd af því hvernig þau standa að því að tryggja skólum sínum þann aðgang að skólaþjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Slík rannsókn hefur ekki áður verið gerð á Íslandi og þess er vænst að niðurstöður hennar nýtist sveitarfélögum til að styrkja skólaþjónustu sína með það fyrir augum að efla skóla sem faglegar stofnanir og beina athygli að menntun fyrir alla og jafnræði til náms á landsvísu. Gögnum var safnað með 1) spurningakönnun sem send var til skólustjóra leik- og grunnskóla og þeirra sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustu (yfirmanna skólaskrifstofa og sveitarstjóra) í 72 sveitarfélögum á Íslandi, 2) viðtölum við forsvaraðila skólaþjónustunnar í fimm völdum tilvikum og 3) greiningu á helstu stefnuskjölum um skólaþjónustuna sem birt eru á vef sveitarfélaga. Í málstofunni verða kynntar nokkrar helstu niðurstöður úr ofangreindum gögnum, efnt til umræðu um framtíðarhlutverk skólaþjónustu og hvort breytinga sé þörf á núverandi skipulagi hennar.

---

**Arnór Guðmundsson** er forstjóri Menntamálastofnunar. Hann er með doktorspróf í félagsfræði frá Minnesotaháskóla í Bandaríkjunum og hefur gegnt stöðu forstjóra Menntamálastofnunar frá því

stofnunin var sett á fót árið 2015. Áður starfaði hann í mennta- og menningarmálaráðuneyti og var þar skrifstofustjóri menntamála 2007-2014.

**Heiti erindis: *Bætt þjónusta við skóla á landsbyggðinni: forsenda jafnra tækifæra til menntunar***

**Útdráttur:** Þegar ræddar eru hugmyndir um breytingar á skipulagi skólakerfisins og aukið hlutverk sveitarfélaga í rekstri skóla á ólíkum skólastigum er mikilvægt að skoða hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að sveitarfélög geti axlað aukna ábyrgð á þessu sviði. Þarf þá að horfa til skipulags þjónustu og faglegs stuðnings við skóla. Í samskiptum sínum við sveitarfélög og skóla varðandi námsgögn, náms- og gæðamat og læsi hefur Menntamálastofnun orðið þess áskynja að sveitarfélög eru misjafnlega í stakk búin til að veita skólum og nemendum viðeigandi þjónustu. Má þar nefna stuðning við starf kennara og ýmsa sérfræðiþjónustu. Þannig hefur skapast munur á aðstæðum skóla eftir sveitarfélögum sem m.a. birtist í vaxandi mun á árangri nemenda á höfuðborgarsvæði og á landsbyggðinni á samræmdum prófum og í PISA. Hugsa má ólíkar leiðir til að skipuleggja viðeigandi þjónustu við skóla en mikilvægt er að þær forsendur liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar um aukið hlutverk sveitarfélaga. Í erindinu verður fjallað um núverandi stöðu og greindar ólíkar leiðir við skipulag þjónustu við nemendur og skóla.

---

**Bergþóra Þórhallsdóttir** er verkefnisstjóri í upplýsinga- og samskiptatækni við menntasvið Kópavogsbæjar. Hún er með meistarapróf í stjórnun menntastofnana auk þess sem hún hefur lagt stund á nám í upplýsingatækni í skólastarfi og rafrænni stjórnsýslu. Bergþóra hefur starfað sem kennari, skólastjórnandi og forstöðumaður símenntunarmiðstöðvar. Hún lagði snemma í starfsferli sínum áherslu á notkun og þróun upplýsingatækni í skólastarfi í takt við tækniþróun. Bergþóra hefur í starfi sínu að undanförunu átt samstarf við sveitarfélögum áhættumat á kennsluhugbúnaði og mótun viðmiða um kennslu í ábyrgri netnotkun.

**Heiti erindis: *Skóli án veggja. Þróun upplýsingatækni í skólastarfi grunnskóla og samstarf sveitarfélaga***

**Útdráttur:** Fjallað verður stuttlega um reynslu af spjalddölvuverkefni grunnskóla Kópavogs og af fjarnámi á tímum takmarkaðs skólalalds í heimsfaraldri, en Kópavogsbær hefur verið í fararbroddi á sviði tölvuvæðingar meðal nemenda. Nú hafa allir nemendur í 5.-10. bekk spjalddölvu til eigin nota við nám sitt heima og í skóla auk þess sem aðgengi að spjalddölvum á yngsta stigi fer vaxandi. Farið verður yfir það hvernig reynslan í heimsfaraldri gefur tilefni til að þróa áfram breytta kennsluhætti í skólastarfi grunnskóla með hagsmuni allra nemenda að leiðarljósi. Tekin verða dæmi um skólaþróun þar sem tækni gegnir lykilhlutverki og hvernig „skóli án veggja“ getur þróast innan og utan skóla eða sveitarfélags og í samstarfi sveitarfélaga.

---

**Álfhildur Leifsdóttir** er grunnskólakennari og ráðgjafi. Hún er kennari til 13 ára við Árskóla á Sauðárkróki, kennsluráðgjafi og hefur að auki komið talsvert að endurmenntun kennara víða um land hvað varðar að nýta tækni til kennslu og náms. Hún var einn af fyrstu kennurum landsins til að kenna með iPad og hef hlotið æðstu viðurkenningu Apple fyrir framúrskarandi kennslu, sem kallast Apple Distinguished Educator.

**Heiti erindis: *Menntun sem kostar er sparnaður fyrir samfélagið***

**Útdráttur:** Ég hef lengi talað fyrir því að jafnrétti til náms byggist að stórum hluta á jöfnum tækifærum nemenda til að hafa aðgang að tækni og kennurum sem hafa þjálfun til að nýta tæknina til náms. Skert skólalaldi í Covid sýndi svart á hvítu hve misvel skólar voru í stakk búnir að halda úti fjarnámi, en sá munur byggðist að stóru leiti á aðgangi nemenda að tækjum og þekkingu kennara á nýtingu þeirra. Aðgangur að tækni eykur möguleika nemenda til sköpunar gríðarlega. Að auki jafnar tæknin það bil sem myndast milli nemenda með námserfiðleika og þeirra sem ekki kljást við slíkt. Tæknin gefur líka framúrskarandi nemendum kost á að taka námið enn lengra en annars væri mögulegt. Með tækninni væri t.d. hægt að koma upp fjarnámssetri þar sem val nemenda í grunnskóla t.d. á tungumálum gæti stórauðist ef þeir myndu sækja fjarnámsstíma í fjarnámssetri innan veggja síns skóla á skólatíma. Með

stafrænni tækni væri einnig hægt að auka aðgengi nemenda að fagþjónustu eins og náms- og starfsráðgjöfum og skólasálfræðingum en aðgengi skóla að slíku er afar misjafnt.

Til að allt þetta sé framkvæmanlegt þarf aðbúnaður nemenda hvar sem þeir eru á landinu að vera jafn. Í dag eru það ákvarðanir hvers sveitarfélags fyrir sig hvernig er búið að skólunum og misjafnt hvað sveitarfélögin geta stutt við dýr verkefni eins og tæknivæðingu. Er það jafnrétti til náms?

---

**Sean Michael Scully** er aðjúntkt við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri.

**Heiti erindis: *High quality, hands-on science instruction for engaging remote students***

**Útdráttur:** Maintaining high-quality and engaging instruction for distance students or students located in resource poor rural areas is a problem further exacerbated by the recent pandemic. One of the challenges associated with teaching STEM (science, technology, engineering, and mathematics) subjects when students are not physically present is the diminished opportunity for hands-on and problem-based learning. Ideally, meaningful hands-on experiments that can be completed remotely should be reasonably safe, authentic, affordable, and facile. Several possibilities for adapting inexpensive, off-the-shelf materials to construct age-appropriate hands-on lessons in chemistry, biology, and mathematics will be explored.

---

**Jón Torfi Jónasson** er prófessor emeritus á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Jón Torfi hefur um langt skeið sinnt umfjöllun um fjölmarga þætti skóla- og annarra menntamála í kennslu- og rannsóknarstarfi sínu við Háskóla Íslands. Undanfarinn áratug hefur hann einkum beint sjónum sínum að ólíkum hliðum þeirrar fléttu sem erindi hans fjallar um þar sem áskoranir framtíðar vega þyngst. Sjá nánar <https://uni.hi.is/jtj/en/>

**Heiti erindis: *Gagnfræðaskóli fyrir framtíðina***

**Útdráttur:** Undir yfirskriftinni menntun án staðsetningar verða fléttaðir saman ólíkir þræðir umræðu um menntun, skóla, fortíð, nútíð og auðvitað framtíð. Jafnframt verður rætt um staðsetningu náms í tíma og rúmi í kerfi sem hefur þróast stöðugt, en hefur hugsanlega líka staðnað, fest í ákveðnum hjólförum. En lykilspurningin er hvað sé gagnlegt veganesti fyrir framtíðina og hvar og hvernig það sé ákveðið.

---

## Miðvikudagur 27. október

**Vífill Karlsson** er hagfræðingur og atvinnuráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og dósent við Háskólann á Akureyri og Háskólann á Bifröst.

**Heiti erindis: *Grasrótin og gervigreind: Geta mennta- og menningarstofnanir fleytt landsbyggðinni inn framtíðina?***

**Útdráttur:** Yfirleitt er talað um að menntun sé mikilvæg samfélögum. Það virðist engum vafa undirorpið þegar stór samfélög eru skoðuð. Þegar kemur að einstaka landsvæðum fullyrða menn ekki alltaf af mikilli sannfæringu að menntun sé til bóta. Stundum er því haldið fram að menntastofnanir mennti unga fólkið „í burtu“ vegna þess að það séu engin eða illa launuð tækifæri fyrir þau í heimabyggð sinni. Í erindinu verður skoðað hvort það sé líklegra að menntunarstig sé hærra í samfélögum úti á landi þar sem er mennta- og menningarstofnanir er að finna eins og framhaldsskóla eða háskóla. Síðan verður skoðað hvort meiri menntun fólks hafi mögulega áhrif á hvort það sé ánægðara með stöðu sína á vinnumarkaði úti á landi t.d. atvinnuöryggi og laun. Einnig hvort meiri menntun fólks hafi áhrif á ánægju með þau gæði og þá þjónustu sem landsbyggðin hefur upp á að bjóða t.d. leikskóla, grunnskóla, menningarinnar heima í héraði, nálægðar við náttúruna og margt fleira. Að síðustu skoðum við síðan hvort menntun fólks hafi áhrif á viljann til að flytja brott. Stuðst er við skoðanakönnun sem gerð var á landsbyggðinni árin 2016, 2017 og 2020 og rúmlega 17.000 manns tóku þátt.

---

**Þóroddur Bjarnason** er prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri. Hann hefur rannsakað byggðapróun og málefni dreifðra byggða frá ýmsum hliðum og stýrt viðamiklum rannsóknarverkefnum á því sviði. Hann vinnur nú að lokaniðurstöðum rannsóknaverkefnisins Byggðafesta og búferlaflutningar í samstarfi við Byggðastofnun og samverkafólk við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Rannsóknir hans á tengslum háskólamenntunar og byggðapróunar hafa birst í íslensku fræðitímaritunum Tímarit um uppeldi og menntun og Netlu og alþjóðlegu tímaritunum Sociologia Ruralis og Journal of Rural Studies.

**Heiti erindis: *Menntum við börnin burt eða kjurt?***

**Útdráttur:** Í erindinu verður fjallað um tengsl menntunar og búferlaflutninga á Íslandi. Uppbygging mismunandi skólastiga um land allt verður rakin og áhrif hennar á búferlaflutninga metin á grundvelli margvíslegra gagna. Sérstaklega verður fjallað um kosti og galla þess að nemendur flytji búferlum vegna menntunar, sæki staðbundnar menntastofnanir eða leggi stund á fjarnám. Þá verður fjallað um bein og óbein áhrif menntastofnana á fjölbreytni í atvinnulífi, afþreyingu og menningu. Að lokum verða settar fram mismunandi sviðsmyndir af mögulegri þróun menntunar í dreifðum byggðum.

---

**Anna Guðrún Edvardsdóttir** er rannsakandi við Háskólann á Hólum í alþjóðlegu verkefni um sjálfbærni og seiglu samfélaga á Norðurlóðum og sjálfstætt starfandi rannsakandi hjá rannsókn- og ráðgjafafyrirtækinu RORUM ehf. sem hún er meðeigandi í. Hún lauk B.ed prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1987, M.ed prófi í stjórnun menntastofnana frá sama skóla 2002 og Ph.d prófi í menntunarfræðum frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2016.

**Heiti erindis: *Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun***

**Útdráttur:** Á tíunda áratug 20. aldar beindust augu stjórnvalda að uppbyggingu þekkingarsamfélagsins. Í öllum landshlutum á Íslandi eru háskólasetur og/eða rannsóknarstofnanir sem ýmist starfa sjálfstætt eða sem hluti af stærri stofnunum. Ástæða þessarar uppbyggingar er m.a. sú að í hinum vestræna heimi var litið svo á að svæðisbundnir háskólar, háskólasetur eða rannsóknastofnanir í dreifðum byggðum gætu stuðlað að fjölgun íbúa í dreifbýli, skapað störf fyrir háskólamenntað fólk og dregið úr brottflutningi, sérstaklega meðal ungs fólks og kvenna, með því að bjóða ýmsar námsleiðir í fjarnámi. Í fyrirlestrinum verður fjallað um rannsóknarverkefnið *Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun* en að því verkefni standa þrjú þekkingarsetur (Nýheimar þekkingarsetur, Þekkingarsetur

Byggðaráðstefnan „Menntun án staðsetningar?“, október 2021 Fyrirlesarar og útdráttur erinda

Þingeyinga og Háskólafélag Suðurlands). Verkefnið fékk styrk frá Bygðarannsóknarsjóði, Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Sveitarfélaginu Hornafirði.

Rannsóknin snýr að því að skerpa sýn á stöðu, hlutverk og árangur þekkingarsetra á landsbyggðinni, með sérstakri áherslu á byggðapróun. Rannsóknin fól í sér úttekt á innri starfsemi þekkingarsetra og rannsókn á áhrifum og stöðu þeirra gagnvart nærsamfélaginu. Gagna var aflað með einstaklings- og rýnihópaviðtölum auk rafrænnar spurningakönnunar.

Niðurstöður eru m.a. þær að setrin þrjú eru ekki ólík í uppbyggingu. Mismunandi áherslur eru í skipulagi og starfsemi setrana en þau starfa öll á sama sviði; þ.e. menntun, menningu, rannsóknum og nýsköpun. Staða þeirra í samfélögunum er sterk og orðræðan um þau er jákvæð en niðurstöður benda til þess setrin hafi ekki náð að tengjast ákveðnum hópum íbúa í nærsamfélaginu. Þjónusta við háskóla og fjarnema auk símenntunar er sá þáttur starfseminnar sem íbúar þekja best en vitneskja íbúa um rannsóknir og nýsköpun er takmörkuð. Í fyrirlestrinum verður fjallað um rannsóknina, niðurstöður og kynntar tillögur til úrbóta og hvernig þróa megi tilhögun háskólamenntunar í dreifðum byggðum og koma þannig til móts við óskir íbúa um framboð námsleiða.

---

**Sigríður Sía Jónsdóttir** er dósent við Háskólann á Akureyri og forseti heilbrigðisvísindasviðs HA. Sesselja Guðmundsdóttir er kennslustjóri náms í heilsugæsluhjúkrun og sviðsstjóri ung- og smábarnaverndar hjá Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir er framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

**Heiti erindis: Nýjung í menntun heilsugæsluhjúkrunarfræðinga. Styrking heilsugæslu um allt land**

**Útdráttur:** Haustið 2015 hófst samvinna Háskólans á Akureyri ( HA), heilbrigðisráðuneytisins og Heilbrigðisstofnana landsins um sérmenntun heilsugæsluhjúkrunarfræðinga. Hugmyndin vaknaði hjá ráðamönnum hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) en nú taka nær allar Heilbrigðisstofnanir landsins þátt í náminu. Markmiðið með náminu er að styrkja heilsugæslu um allt land og nú þegar hafa 52 hjúkrunarfræðingar útskrifast úr náminu. Í erindinu verður sagt frá skiptingu þeirra á milli Heilbrigðisstofnana landsins.

Skipulagið er þannig að hjúkrunarfræðingur sem starfar á heilsugæslustöð getur sótt um 80% launaða árs námsstöðu hjá Heilbrigðisstofnuninni sem hann vinnur hjá. Hlutverk heilbrigðisráðuneytisins hefur verið að leggja til fjármagn fyrir þessar launuðu námsstöður. Í heild eru stöðurnar nú orðnar þrettán. Námið er skipulagt frá 1. ágúst til 31. júlí ár hvert og eru 60 ECTS einingar fullt nám í eitt ár. Bóklegi hlutinn samanstendur af 30 ECTS einingum og er kenndur við HA í þremur lotum á haust og vorönn. Staðsetning nemans (sérnámsjúkrunarfræðingsins) skiptir í dag ekki máli, því viðvera er samþykkt gegnum Zoom eða Fjarverur (róbóta) auk þess eru sérnámsjúkrunarfræðingarnir velkomnir til Akureyrar. Milli lotna fer fram verkefnavinna sem skiptist í einstaklings og hópverkefni.

Þær 30 einingar sem mynda klíníska hlutann er þrískiptur. 1) Klínísk þjálfun fer fram innan Heilbrigðisstofnananna í heimabyggð, undir handleiðslu og stuðnings hjúkrunarfræðings sem hefur meistaragráðu. 2) Lotur við HH í Reykjavík eru tvær að hausti og þrjár að vori. Þar koma sérnámsjúkrunarfræðingarnir saman og hitta sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum heilbrigðiskerfisins en mikil áhersla er lögð á samtalstækni, lyfjafræði, mat á líkamlegri og andlegri heilsu sem og dýpkun þekkingar í hjúkrun innan heilsugæslunnar. 3) Vikulegir umræðufundir fara fram í gegnum Zoom milli umsjónakennara við HA, HH, lærimeistara og sérnámsjúkrunarfræðinganna. Grípa þurfti eðlilega til lausnamiðaðra breytinga á náminu í gegnum Covid.

---

**Kolbrún Þ. Pálsdóttir** er forseti menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Kolbrún lauk meistaraprófi í uppeldis- og menntunarfræði árið 2001 og doktorsprófi á sviði menntunarfræða frá Uppeldis- og menntunarfræðideild HÍ árið 2012. Hún hefur verið námsbrautarformaður í tómstunda- og félagsmálafræði, bæði á grunn- og framhaldsstigi. Kolbrún er formaður félags um menntarannsóknir og verið virk í alþjóðlegu samstarfi um menntarannsóknir og situr í ritnefnd Delta Kappa Gamma alþjóðasamtaka kvenna í fræðslu- og menntastörfum.

**Heiti erindis: Kennaramenntun í COVID-19. Lærdómur, samvinna og næstu skref**

**Útdráttur:** Í þessu erindi fjallar Kolbrún Þ. Pálsdóttir forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um kennaramenntun samhliða starfi í samvinnu við sveitarfélög og skóla. Það er brýnt úrlausnarefni að fjölga kennaranemum til að tryggja nýliðun og renna tryggari stoðum undir skólastarf. Stafrænt nám hefur eflst til muna á tímum heimsfaraldurs og mikilvægt að draga af því lærdóm. Meðal annars verður fjallað um ýmis sértæk samvinnuverkefni, s.s. breytt kennsluskipulag í leikskólafræðum undir formerkjum Háskólamorgna, fagháskólanám, rauntímakennslu á neti, launað starfsnám og Menntafléttuna, námssamfélög kennara.

---

**Sigríður Margrét Sigurðardóttir** er lektor við Kennaradeild Háskólans á Akureyri síðan 2009. Hún útskrifaðist í grunnskólakennarafræðum frá Det Nödvendige Seminarium í Danmörku 1998. Hún hefur starfað sem grunnskólakennari og skólastjóri. Hún útskrifaðist með M.Ed.-gráðu í menntunarfræði með áherslu á stjórnun skólastofnana frá Háskólanum á Akureyri 2010 og stundar doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Helstu rannsóknarviðfangsefni eru á sviði stefnumótunar, forystu, skólastjórnunar, skólaþróunar og starfsþróunar.

**Heiti erindis: Menntaforysta á sveitarstjórnunarstigi: Tækifæri til umbóta í byggðum landsins**

Forysta er mikilvægt hreyfiafl í framþróun skólastarfs. Í því sambandi hefur athygli rannsækenda erlendis í auknum mæli beinst að forystu á sveitarstjórnunarstigi. Þótt sveitarfélög á Íslandi hafi í 25 ár borið ábyrgð á starfsemi grunnskólans, og lengur á starfsemi leikskóla, hefur lítið farið fyrir rannsóknum á menntaforystu á sveitarstjórnunarstigi hérlendis. Í þessu erindi er greint frá niðurstöðum spurningakönnunar, sem er hluti af stærri rannsókn, þar sem meðal annars var leitað svara við því hvað einkennir þessa forystu. Metið var hversu mikil menntaforysta sveitarfélaga væri út frá svörum fræðslustjóra og/eða sveitarstjóra, skólastjóra leikskóla og skólastjóra grunnskóla. Beitt var einhliða dreifigreiningu til að fá fram hversu líkt eða ólíkt viðhorf þessara þriggja hópa til forystunnar væri og að hvaða leyti mætti skýra viðhorf til forystunnar út frá formi skólaþjónustu, þéttleika byggðar (e. population density) í sveitarfélögum, landfræðilegri legu eða mannauð skólaþjónustu. Niðurstöður benda ótvírætt til þess að tækifæri séu til úrbóta í menntaforystu á sveitarstjórnunarstigi. Marktækur munur var á milli viðhorfa allra hópanna þriggja til forystunnar þar sem fræðslustjórar og/eða sveitarstjórar mátu forystuna mesta en skólastjórar grunnskóla minnsta. Þá benda niðurstöður til þess að sveitarfélög ættu að beita sér fyrir því að að efla mannauð skólaþjónustunnar en að síður skipti máli landfræðileg lega og form skólaþjónustunnar þegar kemur að því að styðja við skólastarf í leik- og grunnskólum.

---

**Frosti Gíslason** er frumkvöðull og verkefnastjóri Fab Lab Íslands. Hann kom að stofnun og uppbyggingu fyrstu Fab Lab smiðjunnar á Íslandi, í Vestmannaeyjum árið 2008, og hefur síðan stutt við uppsetningu og starfsemi annarra Fab Lab smiðja á Íslandi og víðar. Hann hefur haldið utan um samstarfsnet Fab Lab smiðja á Íslandi, unnið að stefnumótunarvinnu og uppsetningu náms í stafrænni framleiðslutækni á grunnskólastigi og framhaldsskólastigi, gerð kennsluefnis fyrir grunnskóla og framhaldsskóla, uppbyggingu Fab Academy og samstarfsnets Fab Lab smiðja á Íslandi.

**Heiti erindis: Fab Lab þekkingarnetið fyrir störf framtíðarinnar**

**Útdráttur:** Fab Lab smiðjur eru samstarfsnet smiðja búnum tækjum og tólum til þess að stunda nýsköpun. Þær eru frábær vettvangur til nýsköpunar þar sem sköpunarfærni, sköpunarkjarkur og sköpunarkraftur eru leyst úr læðingi. Þar er nemendum og almenningi veittur aðgangur að nýjustu tækni og verkþekkingu í hönnun og sköpun. Í Fab Lab smiðjum fer fram þjálfun á færni sem nýtist atvinnulífinu og skapar samkeppnishæfara samfélag. Fab Lab smiðjur eru mikilvægar menntakerfinu og efla áhuga og færni í raungreinum ásamt verk- og tæknigreinum. Í Fab Lab smiðjum fer fram fjölbreytilegt og skapandi nám Fab Lab smiðjunnar á Íslandi vinna náið saman að þekkingaruppbyggingu um allt land á sviði hönnunar, sköpunar og stafrænnar framleiðslutækni.

Notendur Fab Lab smiðjanna eru þjálfaðir upp fyrir störf framtíðarinnar sem krefjast meðal annars greiningarhæfni, seiglu, sveigjanleika ásamt skapandi, lausnarmiðaðar og gagnrýninnar hugsunar.

---

**Kristrún Lind Birgisdóttir** er framkvæmdastjóri og eigandi skólaþjónustunnar Ásgarðs og skólastjóri og eigandi Ásgarðs - skóla í skýjunum. Kristrún hefur áratuga reynslu af skólastarfi í smáum og stórum skólum sem kennari og skólastjórnandi. Ennfremur reynslu af stefnumótun, kennsluráðgjöf og ráðgjöf og stuðningi við sveitastjórnarmenn.

Heiti erindis: **Skóli í skýjum**

Útdráttur: Er nám óháð staðsetningu á grunnskólastigi raunhæft?

- Getur nám óháð staðsetningu staðist ítrustu gæðakröfur?
- Er nám óháð staðsetningu tækifæri til þess að jafna rétt barna að námi?
- Er skóli í skýjunum raunhæfur kostur?
- Er hægt að auka samvinnu og samstarf kennara og nemenda í skýjunum?
- Er hægt að nýta sérþekkingu kennara betur með samstarfi í skýjunum?
- Er hægt að auka aðgengi nemenda að sérfræðingum með samstarfi í skýjunum?

Heimurinn í dag er í lófanum á netfæddum börnum sem er nú þegar margt til listanna lagt. Kynslóð þeirra mun aldrei líta á hús sem nauðsynlegan samkomustað til að læra eða tala við fólk. Landsbyggðin getur brugðist hratt við og orðið leiðandi í fyrirmyndar starfsháttum fyrir stærri sveitarfélög landsins öllum nemendum til góðs.

Nú blasir við tímamóta tækifæri fyrir sveitarstjórnarmenn að taka höndum saman um gæðaþjónustu við börn og gera það skipulega og í tíma. Með faglegri samvinnu og samstöðu um nám óháð staðsetningu þarf til dæmis sameining sveitarfélaga ekki að leiða til aukins skólaaksturs og fækkunar skóla. Með því að innleiða samstarfsmódel sem hafa virkað á gríðarlega víðfeðmum svæðum svo sem í Kanada og Alaska er hægt að snúa vörn í sókn eins og dæmin sýna t.d. með LÆRVEST.



BYGGÐARÁÐSTEFNAN  
2021